

# Starfsreglur ungmennaráðs Hvalfjarðarsveitar

## 1. Skipan

Sveitarstjórn skipar fimm einstaklinga að fengnum tilnefningum. Leitast skal við að hafa sem jafnast kynjahlutfall. Kjörgengir eru þeir sem eru á aldrinum 14-21 árs og eiga lögheimili í sveitarfélaginu. Nemendafélag skólans tilnefnir þrjá einstaklinga og fjölskyldu- og frístundanevnd tilnefnir tvo einstaklinga sem lokið hafa grunnskóla. Auk kjörinna fulltrúa eiga formaður fjölskyldu- og frístundanevndar og sveitarstjóri rétt á að sitja fundi ráðsins með málfrelsi og tillögurétt. Ungmennaráðið er skipað til tveggja ára í senn á fundi sveitarstjórnar í september annað hvert ár. Frístunda- og menningarfulltrúi er tengiliður sveitarfélagsins við ungmennaráðið. Hann starfar með ráðinu og er því til aðstoðar.

## 2. Starfsfyrirkomulag

Eftir skipan í ungmennaráðið boðar frístunda- og menningarfulltrúi til fyrsta fundar ráðsins. Á fyrsta fundinum kys ráðið sér formann, varaformann og ritara. Formaður boðar fundi í samráði við frístunda- og menningarfulltrúa. Fyrirhugaðir fundir auk dagskrár skal auglýst á vef sveitarfélagsins með sjö daga fyrirvara. Formlegt fundarboð skal vera skriflegt eða rafrænt til fulltrúa ráðsins og skal berast eigi síðar en tveimur sólahringum fyrir fund. Ungmennaráð skal funda að minnsta kosti fimm sinnum yfir starfsárið og þar af einu sinni með sveitarstjórn. Fundur ungmennaráðs með sveitarstjórn skal undirbúinn í samráði við sveitarstjóra. Ráðið skal halda fundargerðir sem lagðar eru fram á fundum fjölskyldu- og frístundanevndar. Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti ráðsins er mættur á fund. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti. Fulltrúar í ungmennaráði Hvalfjarðarsveitar skulu fá greidda þóknun fyrir fundarsetu sem ákvörðuð er af sveitastjórn fyrir sambærilegar nefndir á vegum Hvalfjarðarsveitar.

## 3. Hlutverk

Tilgangur ráðsins er að skapa vettvang fyrir ungt fólk til að koma skoðunum sínum og tillögum á framfæri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi sveitarfélagsins. Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar skal vera sveitarstjórn og nefndum sveitarfélagsins til ráðgjafar um málefni sem varðar ungmenni og skal sveitarstjórn hafa við það samráð í þeim málefnum. Eitt meiginhlutverk ráðsins er að þjálfa ungt fólk í lýðræðislegum vinnubrögðum og kynna fyrir þeim stjórnsýsluleg vinnubrögð, auk þess að efla tengsl milli ungmenna og auka tengsl þeirra og áhrif í stjórnkerfi sveitarfélagsins.

## 4. Starfsaðstaða

Sveitarfélagið leggur ungmennaráðinu til aðstöðu til fundarhalda, ásamt þeim gögnum sem nauðsynleg eru í starfsemi þess.

## 5. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal ráðið taka mið af þeim lögum og reglum sem undir starfssvið þess heyrir og gildir hverju sinni auk þess að fara eftir samþykkt um stjórn og fundarsköp Hvalfjarðarsveitar.

Samþykkt á 321. fundi sveitarstjórnar Hvalfjarðarsveitar þann 12. janúar 2021